



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEILLAÓSKIR TIL FORSETA ÍSLANDS

Forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni hafa borist heillaóskir frá ýmsum þjóðhöfðingjum í tilefni af nýju kjörtímabili forseta og embættistöku 1. ágúst.

Heillaóskirnar eru m.a. frá þjóðhöfðingjum Norðurlanda, George W. Bush forseta Bandaríkjanna, Medvedev forseta Rússlands, Hu Jintao forseta Kína, Akihito keisara Japans og Horst Köhler forseta Þýskalands.

Í kveðju sinni þakkar George W. Bush forseta Íslands sérstaklega fyrir framlag hans við að kynna í Bandaríkjunum og víðar í veröldinni reynslu og þekkingu Íslendinga í nýtingu jarðhita og fyrir að hvetja af framsýni til hagnýtingar þeirrar tækni í þágu annarra þjóða.

Í kveðjum Hu Jintao forseta Kína og Medvedev forseta Rússlands koma fram sérstakar óskir um að efla á komandi árum samvinnu Íslendinga og Kínverja og Íslendinga og Rússa. Horst Köhler forseti Þýskalands fagnar sérstaklega í kveðju sinni væntanlegri opinberri heimsókn forseta Íslands til Þýskalands í október næstkomandi.

18. ágúst 2008

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400).